

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2018

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 15. mars í Kringlunni 5, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2017 var samþykktur.
- Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 1,05 á hlut fyrir rekstrarárið 2017 eða um 1.500 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 15. mars 2018 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 19. mars 2018, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 16. mars 2018 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 28. mars 2018.
- Tillaga um starfskjarastefnu var samþykkt.
- Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
- Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa:

Erna Gísladóttir	kt. 050568-2969
Heimir V. Haraldsson	kt. 220455-5999
Hjördís E. Harðardóttir	kt. 180464-5819
Ingi Jóhann Guðmundsson	kt. 120169-5729
Tómas Kristjánsson	kt. 151165-3389

Stjórn hefur þegar komið saman og skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Erna Gísladóttir og varaformaður Tómas Kristjánsson.

Eftirtalin voru endurkjörin varamenn í stjórn:

Garðar Gíslason	kt. 191066-5539
Kristín Egilsdóttir	kt. 030268-5989

- KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins.
- Tillaga um þóknun stjórnar félagsins var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 350.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld sú fjárhæð. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 350.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 120.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr.
- Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir: Sigríður Vala Halldórsdóttir, fjárfestatengill, s. 440-2000 fjarfestar@sjova.is